

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2012

2012/EES/50/25

frá 30. apríl 2012

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska hagreiðninga fyrir umhverfismál ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 27b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1445/2005) í XXI. viðauka við samninginn:

„27c. **32011 R 0691**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska hagreiðninga fyrir umhverfismál (Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar Ísland skal I. II. og III. viðauki við reglugerðina koma til framkvæmda innan tveggja ára frá fyrsta skilafresti.
- b) Reglugerð þessi á ekki að taka til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 691/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 53, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.